



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð

samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu
haldinn þriðjudaginn 2. desember 2019 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi

Mæting:

- Hörður Þorsteinsson, formaður framkvæmdastjórnar vatnsverndar
- Páll Stefánsson, heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
- Guðmundur Elíasson, frá Vatnsveitu Hafnarfjarðar
- Eysteinn Haraldsson, frá Vatnsveitu Garðabæjar
- Steingrímur Hauksson, frá Vatnsveitu Kópavogs
- Hólmfríður Sigurðardóttir, frá Orkuveitu Reykjavíkur
- Arndís Ósk Ólafsdóttir, frá Veitum
- Hrafnkell Á. Proppé, frá SSH

Fjarvera:

- Jóhanna B. Hansson, frá Vatnsveitu Mosfellsbæjar boðaði forföll
- Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður svæðisskipulagsnefndar
- Gísli Hermannsson, frá Vatnsveitu Seltjarnarness

1. Styrking grunnvatnslíkans á Bláfjallasvæði

Hrafnkell lagði fram eftirfarandi tillögu að viðbótar rannsóknum á Bláfjallasvæðinu sem miðar að því að ljúka verkefninu á árunum 2020 og 2021.

Samráðshópur vatnsvatnsverndar- og vatnsnýtingar sem starfar undir hatti SSH setti af stað vinnu við tillögugerð að nýjum rannsóknarholum. Grunntillagan kemur fram í skýrslu ÍSOR frá maí 2019; *Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðin og í Bláfjöllum. Rýni á grunnvatnslíkani og tillögur um grunnvatnsrannsóknir*. Í þeirri skýrslu er bæði horft á styrkingu á líkaninu við Bláfjallasvæðið og einnig styrkingu líkansins á öðrum svæðum. Samráðshópurinn kallaði eftir rýni Vatnaskila á þeim hluta tillagnanna sem snúa að Bláfjallasvæðinu og leggja til nánari staðsetningar á nýjum rannsóknarholum. Þær tillögur koma fram í minnisblaði Vatnaskila dags. 26. Júní 2019; *Tillögur að nýjum rannsóknarborholum við Bláfjöll til staðfestingar vatnaskila á svæðinu*.

Megintilgangur hola er að staðsetja grunnvatnsskil á svæðinu og afla upplýsinga um eðli mismunandi grunnvatnsstrauma. Miðað er við að nýta núverandi og tilvonandi vinnsluholur sem og að bora 4-5 viðbótar rannsóknarholur. Miðað er við að síritun grunnvatnshæðar verði í öllum holum og að framvindan verði þessi:

- 1) Árið 2020 verði settur upp síriti í holu núverandi vinnsluholu skíðasvæðisins BF-03 og hafinn undirbúningur vegna borunarframkvæmda með gerð útboðsgagna og gerð akstursslóða að borstöðum.
- 2) Árið 2021 verði í boraðar fjórar nýjar rannsóknarholur og settir upp síritar í þær holur og snjóframleiðsluholu.

Fyrirliggur kostnaðarmat verkfræðistofunnar Mannvits við borun og uppsetningu mælistöðva sem



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

hljóðar uppá rétt rúmar 172 milljónir. Miðað við þá kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir kostnaður árið 2020 við uppsetningu mælistöðvar í holu BF03 ásamt undirbúningi framkvæmda verði um 30 mkr og 142 mkr. árið 2021 þegar fjórar nýjar holur verða boraðar.

Nýjar rannsóknarholur eru liður í að styrkja grunn vatnafarslíkansins sem veitufyrirtækin á höfuðborgarsvæðinu viðhalda. SSH og samráðshópur um vatnsvernd- og nýtingu mun hafa umsjón með verkefninu. Kostnaður vegna viðbótar grunnrannsókna skiptist á milli vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu sbr. samkomulag sveitarfélagna þess efnis.

Niðurstaða:

Samráðshópurinn samþykkir að ráðist verði í nýjar grunnrannsóknir á Bláfjallasvæðinu miðað við ofangreint, og leggur til við stjórn SSH að samkomulag um viðhald grunnvatns- og rennslislíkans verði uppfært þannig að það taki einnig til viðbóta vegna nýrra grunnvatnsrannsókna á Bláfjallasvæðinu. Umsjón með verkefninu verði í höndum SSH í samvinnu við samráðshópinn.

2. Árleg uppfærsla grunnvatnslíkans 2019

Sveinn Óli Pálmason og Eric M. Myer frá Vatnaskilum greindu frá helstu niðurstöðum við uppfærslu grunnvatnslíkans höfuðborgarsvæðisins og fóru yfir tillögur fyrir komandi ár.

Vinnan við árlega endurskoðun rennslislíkans af höfuðborgarsvæðinu hefur gengið vel í ár. Nokkrar góðar uppfærslur hafa ratað inn í líkanið úr tengdum verkefnum og við höfum m.a. unnið að þróun yfirborðslíkansins. Að mati Vatnaskila er þörf á sértækri uppfærslu líkanagrunnsins við Kaldárbotna, Elliðavatn og Selvatn í næstu uppfærslu.

Niðurstaða:

Ákveðið að fresta umræðum um tillögur Vatnaskila um sértækar viðbætur á grunnvatnslíkani til næsta fundar.

3. Erindi framkvæmdastjórnar vatnsverndar

Fyrirliggur svohljóðandi bókun frá fundi framkvæmdastjórnar vatnsverndar frá 4. september 2019:

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins beinir því til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) í ljósi þeirra athugasemda og nýrra upplýsinga sem fram koma í skýrslu Vatnaskila um hugsanlega mengunarhættu frá fyrirhuguðu athafnasvæði á Hólmsheiði, að kannað verði hvort ástæða sé til að breyta núverandi afmörkun öryggissvæðis vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið og hvort breyta þurfi ákvæðum um landnotkun í framhaldinu. Ef slíkt er ekki kostur þarf að skoða frekari mótvægisáðgerðir og breytingar s.s. staðsetningu fyrirhugaðrar settjarnar á svæðinu og að leiða ofanvatn frá svæðinu annað en í Hólmsá.

Þá skorar Framkvæmdastjórn vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins á SSH að beina því til Vegargerðarinnar að endurskoða hönnun Suðurlandsvegar á þessu svæði með hliðsjón af vatnsverndarsjónarmiðum.

Niðurstaða:

Umræðu frestað til næsta fundar enda er málið í farvegi hjá Veitum og Reykjavíkurborg.